

## Svör Vinstri grænna við spurningum Samfoks um samþætta þjónustu við börn

1. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að tryggja að hér á landi sé menntastefnunni um skóla án aðgreiningar raunverulega framfylgt?

Skólakerfið verður að mæta þörfum nemenda í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins. Það á við um alla nemendur, óháð uppruna, kyni, efnahag og öðrum þáttum, þar með talið fötlun og sérþarfir sem hafa áhrif á stöðu fólks í samfélaginu. Öflugt menntakerfi fyrir alla á öllum skólastigum á að vera grunnstoð íslensks samfélags. Á öllum námsstigum ber að virða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Grunnskólinn á að vera án aðgreiningar því að öll börn eiga rétt á menntun við hæfi í sínu nærumhverfi þannig að hver og einn geti komist til þroska. Til þess þarf fjölbreyttar aðferðir, viðfangsefni og aðstæður. Námsmat þarf að byggja á breiðum grunni og vera síkvikur hluti af innra gæðastarfi hvers skóla í stað þess að einblínt sé á ytra mat við gæðastjórnun, s.s. skimunarpróf og staðlaða mælikvarða.

Vinstri græn vilja að opinber framlög séu aukin til þess að hægt sé að veita nauðsynlegan sérfræðistuðning og framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar. Fara verður að lögum um náms- og starfsráðgjöf og bæta launakjör þeirra sem starfa í skólakerfinu. Þannig má ná því markmiði að hver og einn einstakur nemandi geti notið sín í skólanum.

2. Það er á ábyrgð ríkis að verkefnum sem falin eru sveitarfélögum fylgi fjármagn. Hvernig ætlar þinn flokkur að tryggja að það fjármagn sem þarf til að reka skóla án aðgreiningar verði veitt frá ríki til sveitarfélaga?

Þegar þjónusta er flutt nær notendum batnar bæði aðgengi og gæði þjónustunnar. Þetta á bæði við um grunnskólana og þjónustu við fatlað fólk, málaflokka sem hafa verið fluttir frá ríki til sveitarfélaga. Vinstri græn telja mikilvægt að þar sem þessir tveir málaflokkar mætast í skóla án aðgreiningar, sé sérstaklega mikilvægt að ríkið standi við sínar skuldbindingar. Tryggja verður að þegar verkefni eru flutt frá ríki til sveitarfélaga að fjármagn fylgi, svo að sveitarfélögin geti staðið undir þeirri þjónustu sem verið er að flytja.

Vinstri græn telja mikilvægt að tekið verði upp samtal ríkisins við sveitarfélögin í landinu um þessa hluti og að samskipti ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun og framkvæmd þessarar þjónustu verði bætt.

3. Í ljósi þess að öll þjónusta á að vera til staðar í skóla án aðgreiningar, er mikilvægt að þar sé nóg af vel menntuðu starfsfólki til að mæta margbreytilegum þörfum allra nemenda (t.d. grunnskólakennarar, sérkennarar, talmeinafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroska-þjálfar). Hvaða leiðir sér þinn flokkur í að fjölga fagmenntuðum innan hvers skóla?

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 2017 tók undir áhyggjur af fyrirsjáanlegum kennaraskorti í grunn- og leikskólum landsins. Vinstri græn vilja bregðast við þessu með samhentum átaki mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga, háskólasamfélagsins og samtaka kennara til að fjölga kennaranemum.

Búa þarf betur að skólafólki með öflugra símenntunarkerfi og stjórnvöld þurfa að bæta launakjör. Tryggja þarf faglegt sjálfstæði kennara og sveigjanleikja í starfi um leið og stutt er við fagmennsku þeirra.

Vinstri græn telja mikilvægt að skólarnir njóti faglegs sjálfstæðis til að fagfólk á hverjum stað fái notið sín sem best. Eitt mikilvægasta skrefið sem þarf að stíga til að bæta úr skorti á þeim sérfræðimenntuðu starfsmönnum, sérkennurum, talmeinafræðingum, náms- og starfsráðgjöfum

og þroskaþjálfum, sem þarf til að tryggja skóla án aðgreiningar er að bæta launakjör þessara stétta.

4. Að mati hópsins þarf verulega að bæta aðbúnað og aðstöðu í skólum til þess að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar, sbr. það sem fjallað er um í spurningu 3. Má til að mynda nefna húsrúm fyrir sérúrræði innan skólanna. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að hægt sé að bæta þá þætti innan skóla án aðgreiningar?

Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur lagt áherslu á aðgengi fyrir alla. Það er algert lykilatriði í þjónustustofnunum eins og skólum. Þar þarf aðgengi að vera þannig að það sé hægt að taka á móti öllum þeim sem þangað sækja nám. Skóli án aðgreiningar krefst húsnæðis sem hefur aðgengi fyrir alla.

Í byggingarreglugerð sem staðfest var í tíð Svandísar Svavarsdóttur þáverandi umhverfisráðherra segir að allt nýtt skólahúsnæði skuli uppfylla kröfur um algilda hönnun og hljóðvist auk annarra almennra krafna. Gera þarf gangskör að því að tryggja að eldra húsnæði uppfylli þessar kröfur til að tryggja aðgengi og rými án aðgreiningar í öllum skólum.

5. Hver er stefna flokksins í geðheilbrigðismálum og þá sérstaklega þegar horft er til geð-heilbrigðismála barna og ungmenna?

Vinstri græn leggja áherslu á að geðheilbrigðisþjónusta við landsmenn verði stórefld, bæði úti í samfélaginu, grunn- og framhaldsskólum og á heilbrigðisstofnunum, með vísun í ítarlega ályktun alþingis 2016 um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára. Sálfræðiþjónusta verði hluti af almenna heilbrigðiskerfinu þannig að tryggt verði að enginn þurfi að neita sér um slíka þjónustu sökum kostnaðar.

Sérstaklega þarf að huga að andlegri heilsu ungs fólks sem fer versnandi. Lélegt geðheilbrigðiskerfi veldur því að lítil hluti ungs fólks getur leitað sér hjálpar vegna geðrænna vandamála. Þetta kemur sér sérstaklega illa fyrir ungmenni úr efnaminni fjölskyldum, sem ekki geta reitt sig á fjárhagslegan stuðning frá foreldrum, og eykur þannig enn á stéttaskiptingu og ójöfnuð.

Vinstrihreyfingin grænt framboð leggur þunga áherslu á að við þessu verði brugðist með því að stórefla geðheilbrigðisþjónusta, bæði úti í samfélaginu, grunn- og framhaldsskólum og á heilbrigðisstofnunum.

Sálfræðiþjónusta á að tryggja slíkra þjónustu í öllum framhaldsskólum nemendum að kostnaðarlausu.

Tryggja þarf viðunandi þjónustu á bráðageðdeild og barna- og unglíngageðdeild. Komið verði á fót þverfaglegum geðheilsuteymum í heilsugæslunni.

Vinstri græn vilja að auki að á öllum sjö heilbrigðisstofnunum landsins verði stofnuð sérstök geðheilbrigðisteymi, sem skipuleggi geðheilbrigðisþjónustu og veiti ráðgjöf og fræðslu til fagfólksins á sérhverri heilbrigðisstofnun í viðkomandi heilbrigðisumdæmi. Heilsugæslan fái það hlutverk að sinna geðheilbrigðisþjónustu alls staðar á landinu sem og forvarnarstarfi og verði fyrsti viðkomustaður varðandi geðheilsu eins og önnur heilbrigðismál.

Vinstri græn telja bætur á húsakosti Geðsviðs Landspítalans og Geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri þoli enga bið. Húsakosturinn þarf að vera í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru til nýrra geðdeilda sjúkrahúsa á öðrum Norðurlöndum.

6. Hver er stefna flokksins í málefnum stofnana sem koma að málum barna með sérþarfir svo sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Hvernig hyggst þinn flokkur hafa áhrif á að biðlistum verði útrýmt?

Vinstrihreyfingin grænt framboð vill að réttur sjúklinga til þjónustu verði skilgreindur með skýrum hætti og að sett verði viðmið og reglur um hámark biðtíma. Vinstri græn vilja að gerð verð áætlun um að útrýma biðlistum eftir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni.

Ein af rótum vandans í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna er skortur á þjónustu og fagmenntuðu starfsfólki. Með því að fjölga fagmenntuðu fólki, t.d. barna- og unglingageðlæknum er stigið stórt skref til að fækka á biðlistum.

Í heilbrigðismálum hefur Vinstrihreyfingin grænt framboð einnig lagt áherslu á bæði forvarnir og eftirfylgni, þ.e. að gripið sé inn áður en vandamál verða alvarleg eða bráðaþjónustu sé þörf, og sömu leiðis að séð sé til þess að fólk haldist í bata og vandamál komi síður aftur upp. Með því að færa geðheilbrigðisþjónustu inn í grunn- og framhaldsskóla, nær börnum og ungmennum sem hennar þarfnast, svo og fjölskyldum þeirra, má tryggja snemminngrip og betri árangur og betri lífsgæði barna og ungmenna með geðraskanir. Þannig grípa fyrr inn í vandamál og minnka þörf á innlögn.

Sérhæfðar greiningarstöðvar og bráðadeildar verða alltaf til staðar, og þær þurfa að geta tekið við þeim sem þurfa á þjónustu þeirra að halda. Búa þarf að þessum stofnunum þannig að þær geti sinnt sínu hlutverki með sóma. Við skipulagningu geðheilbrigðisþjónstu þarf að leita til notenda þjónustunnar og virkja þá þekkingu og reynslu sem þar er að hafa. Valdefling sjúklinga og notenda þjónustunnar er mikilvæg.